



Ásahreppur

Laugalandi, 851 Hella

Sími: 487 6501 • Fax: 487 6504 • Heimasíða: asahreppur.is • Netfang: asahreppur@asahreppur.is

Álagning útsvars og fasteignaskatts 2020 Ásahreppur.

Samþykkt af hreppsnefnd Ásahrepps þann 20. nóvember 2019.

1. Álagningarprósenta útsvars 2020

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta útsvars skuli vera óbreytt frá árinu 2019 eða 12,44%.

2. Álagningarhlutfall fasteignaskatts 2020

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta fasteignaskatts verði:

A 0,22% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

B 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

C 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.

Afsláttur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti sem samþykkt var af hreppsnefnd Ásahrepps 13. desember 2017.

Gjalddagar verða sex (6) talsins árið 2020, fyrsta hvers mánaðar frá 1. febrúar til 1. júlí. Þar sem heildarupphæð er undir kr. 20.000 er einn gjalddagi, 1. apríl. eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Ekki verða sendir út greiðsluseðlar né álagningarseðlar í bréfpósti. Álagningarseðlar eru aðgengilegir á heimsíðunni www.island.is. Stofnuð verður krafa í heimabanka með sama hætti og áður sem hægt er að greiða rafrænt. Þeir sem óska þess að fá áfram send skjöl með bréfpósti gefst kostur á því og er bent á að hafa samband við skrifstofu hreppsins.

3. Gjaldskrá kaldvatnsveitu 2020.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vatnsgjald verði ákveðið í sérstakri gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.

4. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2020.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjald fyrir meðhöndlun úrgangs verði samkvæmt gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs fyrir sorphirðu og sorpeyðingu.

Sorpeyðingargjald af öllu húsnæði, þ.e. íbúða-, frístunda- og atvinnuhúsnæði: 21.700 kr.

Sorphirðugjald af íbúðarhúsnæði:

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna	Lífræn tunna
240 l ílát	14.220 kr.	4.740 kr.	4.740 kr.	4.740 kr.
660 l ílát	42.660 kr.	14.220 kr.	14.220 kr.	
120 l ílát				2.370 kr.

Gjald fyrir heimsendan gám (flokkaður):

22.500

5. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar á Hellu, Laugalandi og Þykkvabæ.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjaldtaka vegna almennrar notkunar íþróttamiðstöðvanna fari eftir sameiginlegri gjaldskrá Rangárþing ytra og Ásahrepps.



6. Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa 2020.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhlóða að innheimta ekkert árlegt rotþróargjald. Kostnaður af tæmingu rotþróa verði greiddur úr sveitarsjóði.

7. Heimgreiðslur.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti endurskoðaðar reglur á 20. fundi hreppsnefndar þann 20. nóvember 2019. Eina breyting sem átti sér stað er hækkun hámarksfjárhæðar, sem hækkar úr kr. 30.000 í kr. 80.000.

8. Íþróttá- og tómstundasstyrkur.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti endurskoðaðar reglur á 20. fundi hreppsnefndar þann 20. nóvember 2019. Eina breyting sem átti sér stað er hækkun hámarksfjárhæðar, sem hækkar úr kr. 55.000 í kr. 75.000.

9. Leikskólagjald.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að veittur verði 50% afsláttur af gjaldskrá Odda bs. árið 2020 fyrir börn á leikskóla og að áfram verði niðurgreidd vistun fyrir 5 ára börn 100%.

10. Mötuneytiskostnaður leik- og grunnskólabarna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að greitt verði áfram 100% mótuneytisgjald fyrir öll leik- og grunnskólabörn. Niðurgreiðslurnar gilda fyrir börn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi.

Laugalandi 20. nóvember 2019 .

Valtýr Valtýsson
sveitarstjóri Ásahrepps